

BORGARRÁÐ 16. febrúar 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um að leita umsagna vegna framtíðarhögun starfsemi Borgarskjalasafns - ÞON23010028

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna í borgarráði leggja til að óskað verði umsagna fagaðila og hagsmunaaðila vegna tillögu um framtíðarhögun starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Fyrirliggjandi tillaga kallar á umfangsmiklar breytingar, því er rétt að vanda til verka og leita ólíkra sjónarmiða. Lagt er til að óskað verði umsagna aðila á borð við Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfnin, Samband íslenskra sveitarfélaga, nágrennasveitarfélögin, áhættusérfræðinga (sem meta áhættuþætti skjalavörslu á einum stað eða mörgum) og aðra þá sem kunna að hafa hagsmuni af breytingunni.